

6. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. laganna falla niður og í stað þeirra kemur málsgrein sem orðast svo:
Dórnnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna, svo og námsferli þeirra og störfum, megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Skólaráð fjallar um umsækjendur sem dórnnefnd telur hæfa og eiga fulltrúar stúdentu þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentstarf eða lektorsstarf við Kennaraháskóla Íslands nema meiri hluti dórnnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á skólaráðsfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu skólaráðs og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í XI. kafla laganna orðast svo:
Ákvæði 13. gr. koma til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laga nr. 29/1988 samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra, nema annað hafi verið ákveðið með lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um vöruflutninga á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með vöruflutningabifreið eða tengivagni umfram þá hámarkshleðslu sem nánar er ákveðin í reglugerð. Þau gilda einnig um vöruflutninga með vögnum sem tengdir eru eða festir við bifreið en ganga ekki fyrir eigin vélaraflí.

2. gr.

Til að stunda vöruflutninga með bifreiðum á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf sérstakt leyfi. Samgönguráðuneytið veitir slík leyfi til þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hafa staðfesturétt hér á landi.

Til að öðlast leyfi skv. 1. mgr. þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa óflekkað mannorð.
2. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu.
3. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni.

Skilyrðum skv. 2. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið. Um skilyrði þessi og gjald fyrir veitt leyfi skv. 2. og 3. gr. skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

3. gr.

Þeir sem hafa leyfi skv. 2. gr. geta sótt um leyfi til samgönguráðuneytis til að stunda flutninga innan lands í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis. Samgönguráðherra veitir slík leyfi á grundvelli úthlutunar Evrópusambandsins.

4. gr.

Vöruafgreiðslur fyrir vöruflutningabifreiðar skulu skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að veitt verði góð og örugg þjónusta. Hver vöruafgreiðsla skal fylgjast með því að bifreiðastjórar, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um vöruflutninga á landi.

5. gr.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og er heimilt að setja reglugerðir um landflutninga með vöruflutningabifreiðum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð sem sett verður samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.